

Sp. 293. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]
um þjónustutíma Landssímans.

Flm.: Stefán Jónsson, Guðmundur Karlsson, Árni Gunnarsson, Helgi Seljan.

1. Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað færa þjónustutíma Landssímans í það horf, að símsstöðvar verði opnar til þjónustu fyrir almenning eigi skemur virka daga en frá kl. 9—20 og helga daga eigi skemur en frá kl. 11—19, og að símsstöðvum í kaupstöðum og kaптúnum verði fengin fyrri verkefni, svo sem upplýsingaþjónusta hvers konar innan viðkomandi bæja og héraða.
2. Alþingi skorar á ríkisstjórnina að sjá til þess að samdráttur eða tilfærsla á þjónustuþáttum Pósts og síma verði framvegis í samráði við viðkomandi sveitarfélög.

Greinargerð.

Landssíminn er eign þjóðarinnar allrar. Póst- og símamálastofnuninni hefur verið falið að annast rekstur hans í umboði Alþingis og ríkisstjórnar.

Það er ekki óeðlilegt að á tímum mikilla tæknibreytinga komi upp misræmi á milli kapps og forsjár. Í opinberum rekstri er það hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar að gæta forsjárinna — og meta kappið.

Við leggjum áherslu á að tillögur okkar um opnunartíma símsstöðva til fyrra horfs nái fram að ganga þegar í stað.

Við viljum benda þingmönnum og ráðherrum á þann athyglisverða hlut, að símsstöðvar í sumum stærstu kaupstöðum landsins hafa ekki lengur skráð símanúmer í Símaskránni, sbr. Keflavík, Akranes og Selfoss.

Í tillögum okkar gerum við ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélög og þeirra samtök verði framvegis ævinlega höfð með í ráðum varðandi breytingar á þjónustu Pósts og síma. Einnig teljum við að varðandi hugmyndir um bættu eða breytta þjónustu sé frumkvæði þeirra samtaka bæði æskilegt og tímabært.